



Landbúnaðarnefnd Alþingis
hr. Þórarinn Þorgeirsson nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dagsetning

Sam 113/2001 ÞS/ISÁ

Reykjavík 3. apríl 2001

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 28. mars s.l., var m.a. lagt fram bréf landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 16. febrúar, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 389. mál, rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl.

Með vísan til þess að uppi eru áform um stóraukið fiskeldi í landinu telur stjórnin nauðsynlegt að ákvæði laga um lax-, silungsveiði, fiskeldi og hafbeit verði gerð skýrari og ítarlegri. Þegar fiskeldi er komið á fót er afar mikilvægt að það raski ekki vistkerfinu og umhverfinu. Jafnframt þarf löggjöf þar um að vera þannig úr garði gerð að rekstraraðilum verði auðveldað að hefja slíka starfsemi og reka hana með eðlilegum skilyrðum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ný nefnd fiskeldisnefnd verði ráðherra til ráðuneytis um fiskeidismál og eðlilegt væri að Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva væri gefinn kostur á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina.

Landbúnaðarráðherra er gert að veita rekstrarleyfi til fiskeldis og hafbeitar að fenginni umsögn sex tiltekinna aðila þar á meðal veiðimálastjóra veiðimálanefndar og Veiðimálastofnunar. Stjórnin telur nægjanlegt að umsögn um rekstrarleyfi fiskeldis og hafbeitar sé gefin að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar og veiðimálastjóra.

Stjórnin leggur áherslu á að uppbygging aukins fiskeldis getur orðið til eflingar atvinnulífs víða um land.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason framkvæmdastjóri